

Fimmtudaginn 1. desember 1994.

Nr. 363/1994.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Hafdísi Guðrúnu Hafsteinsdóttur

(Kristján Stefánsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Játningarmál. Refsiákvörðun. Upptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari, Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærða hefur áfrýjað málinu til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga, og var því skotið af hálfu ákærvalds til Hæstaréttar með stefnu 22. ágúst 1994. Ákærvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Við meðferð málsins var þess krafist af hálfu ákærðu, að refsing hennar yrði lækkuð og hún sýknuð af kröfu ákærvalds um upp-töku.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærða, Hafdís Guðrún Hafsteinsdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmans, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. júlí 1994.

Ár 1994, mánudaginn 25. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr 490/1994: Ákærvaldið gegn Hafdísi Guðrúnu Hafsteinsdóttur, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. júlí sl., á hendur ákærðu, Hafdís Guðrúnu Hafsteinsdóttur, Stórholti 21, Reykjavík, kt. 121159-2369, fyrir eftirgreint brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni:

Í síðari hluta desember 1993 hafi hún staðið að því með Valgeiri Víðis-syni, kt. 110764-5109, að flytja samtals 267 g af amfetamíni, þar af 34 g í töfluformi (134 stk.), hingað til lands í ágóðaskyni með þeim hætti, að Valgeir aflaði efnisins í ferð þeirra beggja til Amsterdam og Lúxemborgar, og 22. desember fluttu þau efnið frá Lúxemborg hingað til lands, falið í líkama ákærðu Hafdísar Guðrúnar. Voru þau bæði handtekin við komu til Keflavíkurflugvallar og hald lagt á efnið.

Er þetta talið varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 84/1986.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar. Enn fremur er þess krafist á grundvelli 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986, að upptækt verði gert framangreint fíkniefni, sem lagt var hald á.

Með ákærðu var saksóttur fyrrnefndur Valgeir, en hann hefur ekki fundist. Hefur málið því verið skilið í sundur.

Málavextir.

Ákærða hefur skýlaust játað það atferli, sem hún er saksótt fyrir. Hefur hún orðið sek um brot það, sem greinir í ákæru og réttilega er þar fært til refsíákvæðis.

Refsing ákærðu, sem hefur greiðlega játað brot sitt og aðeins verið refsað einu sinni til þessa, þykir vera hæfilega ákveðin fangelsi í 20 mánuði. Er þá einnig höfð hliðsjón af högum ákærðu.

Dæma ber ákærðu til þess að þola upptöku á 267 g af amfetamíni samkvæmt þeim lagaheimildum, sem í ákæru greinir.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða helming kostnaðar, sem hlaust af lögreglurannsókn málsins, og þóknun til verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar héraðsdómslögmanns, 25.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Hafdís Guðrún Hafsteinsdóttir, sæti fangelsi í 20 mánuði.

Ákærða sæti upptöku á 267 g af amfetamíni.

Ákærða greiði helming kostnaðar, sem leiddi af rannsókn málsins.

Þá greiði ákærða verjanda sínum, Sveini Andra Sveinssyni héraðs-
dómslögmanni, 25.000 krónur í þóknun.
